
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2006-01
Fundartími: Föstudagur 3. mars 2006 kl. 13:30-15:20
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Skipan nefndarinnar og skipulag starfsins.
- 2) Skipan og störf hópa.
- 3) Vinna ársins 2006.
- 4) Gagnasöfnun um eldsneytisnotkun.
- 5) Raforkunotkun 2005 og fréttatilkynning.
- 6) Almennar forsendur orkuspáa.
- 7) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Magnús Ásgeirsson
Magnús Magnússon
María Jóna Gunnarsdóttir
Benedikt Valsson
Haukur Ingibergsson
Ólafur Pálsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Fjarverandi: Sigurður Ágústsson
Eymundur Sigurðsson

- 1) Fundarmenn sögðu að engar breytingar væru á skipan nefndarinnar og ákveðið að halda skipulagi óbreyttu.
- 2) JV sagði að tillaga hefði komið um breytingu á skipan raforkuhóps eða að fá Ásgeir Sigtryggsson í hópinn þar sem hann sér um mælingarnar hjá Landsneti. Ásgeir mun koma á næsta fund hópsins og þá mun verða kannað hvort hann sé tilbúinn til þess. Einnig mun Íris Baldursdóttir kom í stað Eymundar Sigurðssonar í hópnum frá 1. apríl. Raforkuhópur hefur haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Varðandi jarðvarmahóp að þá sagði RIP að Orkustofnun hefði auglýst eftir sérfræðingi á jarðvarmasviði en ekki væri búið að ráða í stöðuna. Eldsneytishópur verður vætanlega óbreyttur.
- 3) RIP sagði að áætlun fyrir orkuspárnefnd og eldsneytishóp væri samþykkt en áður var búið að samþykkja áætlun fyrir raforkuhóp. dreifði skýrslu um endurreikning á eldsneytisspá.

- 4) RÍP sagði að öll olúfélögin hefðu í síðustu viku samþykkt að senda Hagstofunni tölur um sölu eldsneytis. JV spurði hvort þau mundu safna gögn um millilandanotkunina frá fyrirtækjum í millilandaflutningum. Ákveðið var að ÓP og JV ef þörf væri á mundu ræða það við Brynhildi hjá Hagstofunni og einnig um flutning eldsneytisgagnanna í gagnagrunn OS þannig að notaður verði einn gagnagrunnur eins og með raforkugögnin.
- 5) JV fór yfir raforkunotkun á síðasta ári og sagði að mest öll gögn væru komin en þó væri eftir að fá lagfæringar á vissum gögnum frá Landsneti auk þess sem eftir væri að fá gögn um þá samninga um ótryggða orku sem ekki koma til Landsnets. Hann sagði því að smávægilegar breytingar ættu eftir að verða á tölunum sem hann sýndi. Raforkuvinnsla hefur aukist um 0,7% á milli ára, stórnotkun minnkaði um -0,8% og almenn notkun jókst um 3,0% Almenn forgangsorka jókst um 4,3% en sala á ótryggðri orku minnkaði um -5,5%. Við hitastigsleiðréttingu minnkar aukningin á milli ára þar sem árið 2005 var kaldara en árið 2004. Aukning almennrar notkunar eftir leiðréttingu er 2,2%, forgangsorku 3,6% og ótryggðrar orku -6,4%. JV sagði að undarlegt væri að flutningstöpin væru að mestu óbreytt milli ára þar sem umfang flutningskerfisins jókst mikið á síðasta ári. Eina skýringin sem gæti verið á því er að hluti af töpum ársins 2004 hafi í raun verið eigin notkun í virkjunum Landsvirkjunar. JV sýndi einnig drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs sem er eins uppbyggð og á síðasta ári. RÍP bað JV að senda hana til Helgu Barðadóttur þegar gögn eru orðin endanleg.
- 6) Farið var yfir kafla 1-4 í almennum forsendum. BV sagði að jafnvæghagvöxtur væri áætlaður nú 2,6-2,7%/ári og var ákveðið að miða við það. Hann ætlar að skoða hvað eðlilegt er að miða við í lág- og háspá. MM sagði að fólksfjöldaspár Hagstofunnar væru framreikningur en ekki raunverulegar spár. Hann fjallaði nokkuð um mannfjöldapróun og ætlar að fá deildastjóra mannfjöldadeildar til að fara yfir kaflann um fólksfjölda. JV benti á tengingu fólksfjölda við fjölda og stærð íbúða og sagði að engin athugun hefði verið gerð á því í tæpa 3 áratugi. HI sagði að gögn Fasteignamatsins ættu að geta nýst vel í slíkar athuganir og ætlar hann að athuga hvort eitthvað slíkt væri mögulegt. MM benti á Lífskjarakönnun þar sem ýmsar upplýsingar koma fram en ekki er búið að birta niðurstöður. Einnig benti hann á könnun á útgjöldum heimilanna 2002-2004. MÁ nefndi að formaður samtaka sumarbústaðaeigenda hefði nefnt að það væru 13.000 sumarbústaðir á landinu og sagði MM að úr fyrrnefndu könnunum væri hægt að fá upplýsingar um aðgengi að sumarbústöðum. HI sagði að á hverri jörð mættu vera 3 íbúðarhús áður en að þau yrðu skilgreind sem sumarhús og því væri ekkert af sumarbústöðum á Vestfjörðum. BV nefndi verðteygni raforku sem nefnd er í raforkuspá og kæmi frá Bandaríkjunum. JV sagðist ekki nota þá tölu heldur vísaði í athugun sem unnin var sem lokaverkefni í hagfræði. Þar kæmi fram að verðteygni væri lítil nema í hitun.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 12. maí 2006 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:20.

Jón Vilhjálmsson

